

Eystrahorn

27. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 19. ágúst 2021

www.eystrahorn.is

Golfklúbbur Hornafjarðar – Uppbygging og Íslandsmót



Frá vinstri: Óli Kristján Benediktsson, Steinar Kristjánsson, Halldór Sævar Birgisson (fyrirliði), Héðinn Sigurðsson, Stefán Viðar Sigtryggsson, Jón Guðni Sigurðsson og Sindri Ragnarsson

Mikill metnaður hefur verið innan Golfklúbbs Hornafjarðar (GHH) síðustu ár og hefur klúbburinn lagt mikla vinnu í að gera völlinn okkar Silfurnesvöll eins flottan og mögulegt er. Einnig hefur verið lagt mikið þúður í barna- og unglíngastarf sem félagið er mjög stolt af og ætlar sér að gera enn betur á næstu árum

Einn þáttur í því að gera golfið hér á Höfn spennandi fyrir alla aldurshópa er að senda lið fyrir hönd GHH í Íslandsmót. Í ár spilaði GHH í 5. deild þar sem langt var síðan að félagið hafi sent lið í Íslandsmót. Þeir Halldór Sævar Birgisson (fyrirliði), Héðinn Sigurðsson, Stefán Viðar Sigtryggsson, Steinar Kristjánsson, Óli Kristján Benediktsson, Jón Guðni Sigurðsson og Sindri Ragnarsson (liðstjóri) báru merki félagsins á bringu þetta árið.

Mótið fór fram í Sandgerði dagana 13. – 15. ágúst, tók þrjú daga og voru spilaðar 18 til 36 holur á dag í tvímenning og fjórmenning í holukeppni. Leikar byrjuðu snemma á föstudagsmorgni þar

sem GHH tók á móti heimamönnum frá Sandgerði. Leikurinn var gríðarlega spennandi og réðust úrslit á síðasta þútti á síðustu holu sem féll ekki með GHH, enduðu leikar því 2-1 fyrir heimamönnum. Á laugardaginn voru spilaðir tveir leikir eða 36 holur. GHH byrjaði af krafti og unnu mjög sterkt lið Jökuls frá Ólafsvík sem enduðu í öðru sæti 3-0. Eftir hádegi var spilað við Golfklúbb Fljótshéraðs og náðu okkar menn ekki að sýna sína bestu hliðar eins og um morguninn og tapaðist sá leikur 2 ½ - ½. Þetta var dýrt fyrir okkar menn en þeir voru staðráðnir í að koma til baka fyrir næsta leik sem spilaðist á sunnudagsmorgni. Þar mætti GHH liði Hamars frá Dalvík, það var smá kuldi í okkar mönnum til að byrja með en smám saman sýndu þeir hversu magnaðir í golfi þeir eru og kláruðu leikinn 3-0.

GHH endaði því í 3. sæti í 5. deild á Íslandsmótinu 2021 með 2 vinninga og 7.5 innbyrðis sigra. Golfklúbbur Hornafjarðar er mjög stoltur af þeirra framlagi og voru þeir klúbbum og

Hornfirðingum til sóma og miklar fyrirmyndir fyrir komandi kylfinga.

Mikill kostnaður fylgir því að fara með svona lið í keppni og bera leikmenn kostnað af því að mestu. Hluti of okkar metnaði er að reyna búa til umhverfi þar sem við getum sent lið í keppni og allir geti tekið þátt í því óháð því hvort golfarar geti borið upp slíkan kostnað. Í ár lagði GHH, Medial, Glacier Trips til og Klúbbhúsið fjármagn til að brúa bilið og vonum við í framtíðinni að við höldum áfram að fá aðstoð frá okkar góða samfélagi

Að lokum langar mig að þakka fyrir allan þann stuðning sem GHH hefur fengið, allt það starf, sjálfböðavinna og öll þau fyrirtæki sem hafa styrkt GHH. Öll vinna sem fólk í kringum klúbbinn hefur lagt til er ómetanlegt og er ástæða fyrir því að við eigum svona flottan golfvöll og svona flott barna- og unglíngastarf.

Sindri Ragnarsson
formaður mótanefndar GHH

Hægt er að nálgast blaðið og eldri blöð á www.eystrahorn.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Auglýsing um skipulagsmál

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi 2012-2030 samkvæmt 1. mgr. 36. gr. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og tillögu að nýju deiliskipulagi að Borgarhöfn.

Markmið með aðalskipulagsbreytingunni er að breyta landnotkun á hluta lögbýlisins úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um 5 ha. svæði.

Meginmarkmið með deiliskipulaginu er að skilgreina tjaldsvæði, byggingareit fyrir smáhýsi og lóðir og byggingareiti fyrir frístundahús. Áform landeiganda er að efla ferðaþjónustu á svæðinu og bjóða uppá möguleika til gistingar og afleidda þjónustu.

Tillögurnar verða til sýnis frá og með 16. ágúst 2021 til 27. september 2021 í anddyri Ráðhúss Hafnarbraut 28, 780 Höfn og aðalskipulagstillagan verður til sýnis hjá Skipulagsstofnun að Borgartúni 7 b 105 Reykjavík. Tillögurnar eru einnig aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is undir skipulag í kynningu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögur til **27. september 2021**. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

HEFUR ÞÚ HLUSTAÐ Á HLADVARP EYSTRAHORNS ?



Hladvarp Eystrahorns eru viðtalsþættir við áhugavert fólk í samfélaginu okkar og veita hlustendum innsýn inn í líf þess og störf.

Hlustaðu á þættina á
www.eystrahorn.is/hladvarp
eða á Spotify



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu
Eystrahorns ?
Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

Styrktaráskrift Eystrahorns

Eystrahorn hefur verið gefið út frá því 1983 og hefur verið sent á hvert heimili í sveitarfélaginu, íbúum að kostnaðarlausu, undanfarin ár. Flestir eru sammála um að útgáfa sem þessi er mikilvægur þáttur í samfélaginu okkar. Útgáfan stendur oft mjög tæpt og gæti ekki staðið undir sér nema fyrir framlag fyrirtækja, stofnanna og einstaklinga á svæðinu.

Við óskum því eftir því að Hornfirðingar styrki útgáfu blaðsins t.d. með mánaðarlegu framlagi. Nýtt kerfi hefur verið sett upp á heimasíðu Eystrahorns þar sem hægt er að styrkja blaðið með auðveldum hætti með mánaðarlegum greiðslum. Hægt er að segja upp áskriftinni hvenær sem er.

Þökkum þeim sem nú þegar styðja við útgáfuna.

1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns



www.eystrahorn.is/styrktaraskrift

2 Veldu mánaðarlega upphæð



3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Þitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkir

✉ eystrahorn@eystrahorn.is

🌐 www.eystrahorn.is

☎ sími: 848-3933



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Leikskólinn Sjónarhóll á Höfn í Hornafirði auglýsir eftir leikskólakennurum og leikskólaleiðbeinendum í tímabundin störf

Helstu verkefni og ábyrgð:

Að vinna að uppeldi og menntun leikskólakennara samkvæmt starfsáætlun leikskólakennara eða leiðbeinanda þ.m.t. að taka þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfi.

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur sambærileg uppeldismentun.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Laun eru greidd samkvæmt samningum launaneftdar Sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst næstkomandi

Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Maríönnu Jónsdóttur leikskólalæstjóra á netfangið marionna@hornafjordur.is.

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Að loknum nærri sex árum

Þingmannsferli mínum lýkur núna í haust þar eð ég sækist ekki eftir endurkjörri. Ég náði að vera eitt þing í stjórnarandstöðu og svo heilt kjörtímabil sem hluti stjórnarmeirihluta. Mjög ólíkar stöður og miklu meira gefandi að vera hluti af löggjafanum en ekki sífellt með gagnrýnisglæraugum á nefinu í aðhalds- og eftirlitsskygni. Sat í tveimur fastanefndum, einni alþjóðanefnd og svo Þingvallanefnd. Mörg þörf þingmál urðu að lögum eða þingsályktunum; nefni málaflokka samganga, heilbrigðisþjónustu, umhverfis- og loftslags, atvinnuvega, sveitastjórnarstígsins og utanríkisamskipta og sér í lagi það sem ég hef einna mestan áhuga á: Norðurslóðamálin þar sem ég var formaður íslensku norðurheimskautsþingnefndarinnar, og auðvitað loftslagsmálunum. Þróun náttúrufars á báðum heimskautasvæðunum vegur afar þungt í óvissri vegferð mannkyns. Merkilæg stefnumótun fór fram, í fyrsta sinn á Alþingi, gjarnan í þverpólitískum vinnuhópum, t.d. í orkumálum, ferðamálum, landbúnaði, nýsköpun, heilbrigðismálum, náttúruvernd, norðurslóðamálum og loftslagsmálum.

Ég ver ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur sem framsækna á mörgum sviðum enda þótt sumt hafi veri látið kyrrt liggja eða ekki náðist nothæft samkomulag um. Í samsteyputjórnarlandi eru málamiðlanir lykillinn að sæmilega stöðugu, pólitísku ástandi og bættum innviðum og samfélagsþjónustu. En verandi sósíalisti tel ég margt eftir að gera til að ná nægum jöfnuði og jafnrétti til að Ísland teljist norrænt þingræðis- og velferðarríki með borgaralegt lýðræði og

kapítalískt hagkerfi. Sem efnahagskerfi á kapítalisminn sér ekki bjarta framtíð frammi fyrir vaxandi ójöfnuði og loftslagsbreytingum enda byggir hann á stöðugum vexti sem ógnar þolmörkum jafnt náttúru sem samfélagana sjálfra. Breiðara lýðræði, aukið jafnrétti og hringrásasamhagkerfi með samfélagslegri deilingu gæða er að teiknast um leið og öfgahyggja og pópúlismi eflast. Næstu áratugir verða spennandi og afdrifaríkir í pólitískum skilningi.

Landsbyggðaðingmaður verður að reyna að sinna málefnum kjördæmisins en hann er líka þingmaður allra kjördæma. Það fer eftir þingmálum. Gæti nefnt mörg sérmál sem tókst að þoka í rétta átt kjördæminu, stundum með samstiga átaki allra 10 þingmannanna, en sleppi því hér. Veit hins vegar að matarkistan og ferðasvæðið, kjördæmið allt, á ágæta framtíð í vændum, takist vel til með nýsköpun, menntunar- og búsetuskilyrði, sangöngur og skilgreiningar á þolmörkum náttúru og samfélaga á svæðinu. Sjálfbærni sem ramma stefnumótunar setur skorður við ójafnvægi og stanslausum vexti. Hefði viljað hafa rýmri tíma, sem hluti stærri þingflokks, til að ferðast oftar en varð um þetta stóra og þrískipta kjördæmi mitt. Þegar nú er kosið á ný til Alþingis tel ég að VG verði að ná að mynda kjölfestu í burðugri samsteyputjórn sem fetar áfram einstigið að ábyrgu frelsi, jafnrétti og jöfnuði.

Ég held áfram mínum störfum sem frá var horfið við kosningarnar 2016; bæti við bókum, jafnt fræðsluefni sem skáldskap, fræði fólk í fjölmiðlum og fyrirlesturum,



stunda leiðsögn úti við og mín jarðvísindi eftir því sem býðst og sinni fjölskyldunni oftar en ég náði að gera meðan á þingsetunni stóð. Síðast ekki mist kalla heimalandið og norðurslóðir á mig, svo ég tali nú ekki um borgir og ferðalönd, og þá einkum og sér í lagi fyrir okkur hjónin saman. Mitt líf hefur verið kaflaskipt alla tíð og þegar þessum merka og litríka kafla í samfélagsþjónustu er lokið taka þeir óskrifuðu við. Þakka milkið vel samskiptin við ykkur í Suðurkjördæmi í áranna rás.

*Ari Trausti Guðmundsson
Höfundur er þingmaður VG*

STARFSMAÐUR Á PÓSTHÚSI Á HÖFN

Pósturinn óskar eftir að ráða starfsmenn í fullt starf á pósthúsinu á Höfn.

Umsóknarfrestur er til og með **30. ágúst 2021**.
Sótt er um starfið á posturinn.is/atvinna.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Yrsa Líf Nökkvadóttir í netfanginu yrsa@postur.is.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Breytingu á aðalskipulagi að Hnappavöllum

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi 2012-2030 að Hnappavöllum samkvæmt 1. mgr. 36. gr. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið með breytingunni er að breyta fjárhúsi og hlöðu í húsnæði fyrir ferðaþjónustu m.a. veitingasölu, gistingu og tjaldsvæði. Kynningarfundur var haldinn á Teams meeting 13. janúar. Lóð verður skipt úr jörðinni þar sem nú stendur fjárhús og hlaða. Nýtt heiti verður Hnappavellir 1 Mói, landnotkun verður breytt úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á 1.1 ha.

Tillagan verður til sýnis frá og með 16. ágúst 2021 til 27. september 2021 í anddyri Ráðhúss Hafnarbraut 28 780 Höfn, heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is undir skipulag í kynningu og hjá Skipulagsstofnun að Borgartúni 7b 105 Reykjavík.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögur til **27. september 2021**. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is.

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar*





Mannauðs- og gæðastjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir laust starf mannaúðs- og gæðastjóra. Um er að ræða krefjandi starf þar sem viðkomandi mun leiða og veita faglega forystu í mannaúðs- og gæðamálum auk þess að vera í lykilhlutverki við innleiðingu stefnu. Starfsfólk sveitarfélagsins telur um 230 og í sveitarfélaginu búa um 2.400 manns í blómlegri byggð þar sem fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf fer saman. Umhverfi sveitarfélagsins er stórbrotið og tækifæri til útivistar fjölbreytt.

Helstu verkefni:

- Fagleg forysta á sviði mannaúðs- og gæðamála, þ.m.t. mótun og framkvæmd mannaúðsstefnu
- Ábyrgð á starfsþróunar-, fræðslu og þjálfunarmálum
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsfólk
- Umsjón með gæðamálum
- Umsjón með launasetningu og viðhald jafnlaunakerfis
- Ábyrgð á launavinnslu, túlkun kjarasamninga og samskipti við stéttarfélag
- Ráðningar og ráðningaferli
- Árangursmælingar og greiningar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði mannaúðsmála eða sambærilegu er skilyrði. Framhaldmenntun kostur
- Haldbær reynsla af mannaúðsmálum er skilyrði, kostur ef innan opinberrar stjórnslu
- Reynsla af stjórnun og stefnumótunarvinnu skilyrði
- Reynsla og þekking á H3 og Vinnustund kostur
- Lipurð, samstarfsvilji og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði talað mál og ritað
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknnum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu. Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri tekur á mótí umsóknnum á nertfanginu matthildur@hornafjordur.is, en hún veitir jafnmframt nánari upplýsingar um starfið í síma 470-8000. Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til og með 27.08.2021.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna alþingiskosninga 25. september 2021

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna alþingiskosninga 2021 er hafin.

Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá embætti sýslumannsins á Suðurlandi á opnunartíma sýsluskrifstofa, kl. 09:00-15:00.

Skrifstofur embættisins eru á eftirtöldum stöðum:

Hafnarbraut 36, Höfn í Hornafirði.
Ránarbraut 1, Vík í Mýrdal.
Austurvegi 6, Hvolsvelli.
Hörðuvöllum 1, Selfossi.

Kjósendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki (ökuskírteini, vegabréf eða nafnskírteini).

Kosning um sameiningu sveitarfélaga

Samhliða kosningum til Alþingis verður kosið um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps. Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar á skrifstofum embættisins.

Ábyrgð á atkvæði

Athygli er vakin á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila og ber af því kostnað, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar sbr. 2. mgr. 65. gr. laga um kosningar til Alþingis. Starfsfólk embættisins mun aðstoða eftir fongum við að koma atkvæði til skila en síðustu daga fyrir kosningar er mælt til þess að kjósandi annist það sjálfur ef viðkomandi er á kjörskrá í öðrum kjördæmum.

Hægt verður að kjósa víðar en á sýsluskrifstofum innan umdæmisins og verða kjörstaðir nánar auglýstir síðar á vefsíðunni www.kosning.is og í héraðsfréttablaðum en ýmsar upplýsingar og eyðublað vegna komandi kosninga má fá á vefsíðunni www.kosning.is.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi
13. ágúst 2021
Kristín Þórðardóttir

